

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 18/2010

Kæra Karls Jónssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. [49/2010](#).

1. Þann 24. mars 2011 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 18/2010: Kæra Karls Jónssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010 frá 8. október 2010. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, sem barst áfrýjunarnefnd neytendamála þann 9. desember 2010, hefur kærandi kært ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010 frá 8. október 2010, um að kærandi hafi með skráningu og notkun lénsins logsatt.is brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Með ákvörðuninni bannaði Neytendastofa kæranda notkun lénsins, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Skyldi bannið taka gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og kærandi innan þess tíma afskrá lénið hjá ISNIC. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 5. ágúst 2010, kvartaði Lögsátt ehf. yfir notkun og skráningu kæranda á léninu logsatt.is. Í bréfinu kemur fram að lögfræðistofan Lögsátt ehf. hafi verið stofnuð þann 3. febrúar 1997, með skráningu í fyrirtækjaskrá Þjóðskrár. Hinn 1. mars 2010 hafi staðið til að láta gera heimasíðu fyrir lögfræðistofuna. Við skráningu hjá ISNIC hafi komið í ljós að lénið væri þegar skráð eign kæranda. Hann hafi skráð lénið þann 11. desember 2008, ekki tekið það í notkun en engu að síður greitt árgjald þess árið 2010. Eigandi Lögsáttar ehf. hafi strax haft samband við kæranda, sem er lögmaður, og óskað eftir því að fá lénið afhent, þar sem kæranda væri óheimilt að nota nafnið „lögsátt“ því það gæfi villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð atvinnurekanda, og skapaði hættu á að villst væri á notkun kæranda á léninu og rekstri Lögsáttar ehf. Í fyrsta símtali hafi kærandi boðist til að koma til fundar um málið og sagt að hann myndi hafa samband er hann kæmi að utan nokkru síðar. Þrátt fyrir ítrekuð símtöl og ákvarðanir um heimsóknir kæranda hafi ekkert orðið úr framkvæmdum né efndum um afskráningu á léninu. Síðasta tilraun, með rafpósti hinn 14. júlí 2010, hafi ekki enn borið árangur.
5. Í bréfinu er síðan tekið fram að Lögsátt ehf. hafi verið í fullum rekstri frá 1. febrúar 1997 og auglýst þjónustu þess lögmanns sem á félagið, en ekki athugað þörf þess að skrá Lögsátt sem vörumerki. Sótt hafi verið um skráningu á Lögsátt sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu þann 9. mars 2010. Formleg skráning hafi tekið gildi þann 6. apríl 2010. Þess beri að geta að

Lögfræðistofan Lögsátt ehf. hafi verið skráð í Símaskrá frá árinu 1997. Atvinnurekstur Lögsáttar ehf. hafi einnig verið kynntur með auglýsingum í öðrum prentmiðlum og skráningu á heimasíðu Lögmannafélags Íslands. Því hafi verið mjög auðvelt fyrir þann sem hugðist árið 2008 hefja not á nafninu/orðinu lögsátt að sannreyna tíu ára notkun nafnsins/orðsins í atvinnustarfsemi undir firmanafninu Lögsátt ehf. Í bréfinu var þess krafist, með vísan til 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, að kæranda yrði bönnuð öll notkun lénsins og gert að afskrá það sem eign sína í lénaskrá ISNIC.

6. Í bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 10. ágúst 2010, er vísað til framkomins erindis og tekið fram að þar sé skráning og notkun lénsins talin brjóta gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, en að mati Neytendastofu komi 5. gr. sömu laga einnig til álita. Í bréfinu er óskað eftir skýringum eða athugasemdum kæranda við erindið og þess óskað að þær berist stofnuninni innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins. Í bréfi Neytendastofu, dags. 2. september 2010 er vísað til bréfsins frá 10. ágúst 2010 og tekið fram að ekkert svar hafi borist frá kæranda. Honum sé gefinn lokafrestur til 9. september 2010 til að koma að skýringum eða athugasemdum við erindið. Að þeim tíma liðnum megi búast við að Neytendastofa taki ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ekkert svar barst Neytendastofu.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

7. Hinn 8. október 2010 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 49/2010 og var hún birt kæranda af stefnuvotti hinn 11. nóvember 2010, sbr. fyrirliggjandi birtingarvottorð. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði með skráningu og notkun lénsins logsatt.is brotið gegn 5. og 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Var kæranda bönnuð notkun lénsins, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Skyldi bannið taka gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og kærandi innan þess tíma afskrá lénið hjá ISNIC.
8. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst vikið með almennum hætti að helstu sjónarmiðum Lögsáttar ehf. og efni 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005. Segir þar m.a. að í 15. gr. a felist almenn vernd auðkenna sem komi til fyllingar á vörumerkjavernd. Síðan er tekið fram að báðir málsaðilar hafi skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti. Lögsátt ehf. hafi verið skráð í fyrirtækjaskrá Þjóðskrár hinn 3. febrúar 1997 og kærandi skráð lénið logsatt.is hjá ISNIC hinn 11. desember 2008. Að mati Neytendastofu eigi báðir málsaðilar því rétt til auðkenna sinna og því eigi 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 við í málinu.
9. Í ákvörðuninni segir síðan að réttur til vörumerkis geti stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan sé sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og öðrum sé þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005 sé einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu sé litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila

eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og verndin takmarkist því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóði.

10. Að mati Neytendastofu sé orðið lögsátt ekki almennt lýsandi fyrir lögfræðiþjónustu þó svo að lögfræðingar geti sérhæft sig í því að ná sáttum í lögfræðilegum deilumálum, enda hafi Lögsátt fengið vörumerkið Lögsátt skráð sem orðmerki hjá Einkaleyfastofu hinn 6. apríl 2010. Þrátt fyrir að tæp tvö ár séu liðin frá skráningu kæranda á léninu logsatt.is sé lénið ekki í notkun. Í ljósi þess að Lögsátt hafi verið rekið frá því í febrúar 1997, hafi kæranda mátt vera ljóst að skráning hans og væntanleg notkun hans á léninu logsatt.is gæti valdið ruglingi við Lögsátt. Eigi það ekki síst við með tilliti til þess að kærandi sé lögmaður og því væntanlega í samkeppni við Lögsátt. Skráning kæranda á léninu logsatt.is sé því að mati Neytendastofu brot á 2. málsl. 15. gr. a laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR ANNARRA

11. Kæran er dagsett 9. nóvember 2010, en ljóst er að mánuðurinn hefur þar misritast og átt að vera 9. desember 2010, en þann dag barst kæran áfrýjunarnefnd neytendamála. Í kæru er tekið fram að ástæða þess að kærandi hafi ekki áður sent frá sér skýringar eða athugasemdir sé að hann hafi ekki verið meðvitaður um að Neytendastofa væri með málið í vinnslu fyrr en honum hafi verið birt ákvörðunin af stefnuvotti hinn 11. nóvember 2010. Kærandi hafi ekki fengið bréf Neytendastofu frá 10. ágúst 2010 sent í pósti, eins og fram komi í ákvörðuninni. Í tölvubréfinu með kærinni er einnig vakin athygli á því að hin kærða ákvörðun hafi verið tekin án þess að upplýsa kæranda um að Neytendastofa væri með málið í vinnslu. Kærandi hafi því ekki getað varist með því að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri áður en ákvörðunin var tekin.
12. Í kærinni er tekið fram að kærandi hafi skráð lénið logsatt.is í góðri trú hinn 11. desember 2008, eða fyrir um tveimur árum síðan. Kærandi hafi haft uppi áform um að sérhæfa sig í sáttamiðlun og setja á stofn vef sem birti upplýsingar um lögfræðilega sáttamiðlun og dómsáttir, og einnig að virkja netfangið logsatt@logsatt.is í þeim tilgangi að aðgreina mál sem séu sáttamál frá öðrum tölvupósti. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að Lögsátt ehf. hafi fengið vörumerkið Lögsátt skráð sem orðmerki hjá Einkaleyfastofu hinn 6. apríl 2010. Kærandi lýsi furðu sinni á því að skráningin hafi náð fram að ganga í ljósi þess hvað orðið lögsátt sé bæði lýsandi og almennt. Kærandi hafi skráð lénið logsatt.is hinn 11. desember 2008, eða 16 mánuðum áður en Lögsátt hafi verið skráð hjá Einkaleyfastofu.
13. Í kæru er næst vísað til þess að í ákvörðunarorðum hinnar kærðu ákvörðunar komi fram að kærandi hafi brotið gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005. Það standist ekki því enginn möguleiki sé á því að lénið hafi verið notað á villandi hátt, þar sem lénið hafi ekki enn verið tekið í notkun og því eingöngu verið vistað á biðsvæði hjá ISNIC síðan það var skráð. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar komi fram að kæranda hafi mátt vera ljóst að skráning hans og væntanleg notkun á léninu gæti valdið ruglingi við Lögsátt. Neytendastofa gefi sér það sem staðreynd að kærandi hafi ekki verið í góðri trú þegar lénið hafi verið skráð. Kærandi telji það mjög alvarlegt að stofnunin haldi því fram að hann hafi ekki verið í góðri trú, þar sem hún hafi ekkert í höndunum

sem gefi vísbendingu um slíkt. Kærandi ítreki að lénið hafi verið skráð í góðri trú og hann hafi lögvarða hagsmuni af því að vera áfram réttthafi þess.

14. Með bréfi, dags. 30. desember 2010, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 13. janúar 2011, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerðinni er fyrst vikið að fullyrðingum kæranda um að hann hafi ekki verið meðvitaður um að Neytendastofa væri með málið í vinnslu fyrr en honum hafi verið birt hin kærða ákvörðun. Bréf Neytendastofu hinn 10. ágúst 2010 hafi verið sent með pósti á heimili kæranda. Þar sem engin viðbrögð hafi borist frá honum hafi bréfið verið ítrekað með bréfi, dags. 2. september 2010, sem jafnframt hafi verið sent með pósti á heimili kæranda. Þau rök kæranda sæti furðu að honum hafi ekki verið kunnugt um að mál Lögsáttar væri til skoðunar hjá stofnuninni, þ.e. að honum hafi borist hvorugt framangreindra bréfa. Í fyrsta lagi hafi hvorugt bréfanna verið endursent stofnuninni, sem sé vinnuregla hjá Póstinum finnst móttakandi bréfa ekki, og á umslögum Neytendastofu komi fram ósk um að bréf endursendist finnst móttakandi ekki. Bréfin hafi verið send á lögheimili kæranda, sem á þeim tíma hafi einnig verið heimilisfang lögmannsstofu hans, Lögaflls ehf., sbr. framlagða útprentun af heimasíðu Lögmannafélags Íslands. Lögheimili Lögaflls ehf. sé hið sama, sbr. framlagðar upplýsingar úr fyrirtækjaskrá. Samkvæmt þessu vísi stofnunin umræddum rökum kæranda á bug.
15. Í greinargerð Neytendastofu er síðan vikið að öðrum sjónarmiðum kæranda og tekið fram að það hafi að mati stofnunarinnar engin áhrif á niðurstöðu málsins hvort kærandi hafi verið í góðri trú eða ekki, varðandi það hvort honum hafi verið tilvist lögfræðistofunnar Lögsáttar ljós við skráningu hans á léninu. Þó telji Neytendastofa rétt að ítreka að kærandi sé starfandi lögmaður og því séu að mati stofnunarinnar verulegar líkur á því að honum hafi verið tilvist lögfræðistofunnar Lögsáttar ljós við skráningu lénsins, einkum þegar haft sé í huga að orðið lögsátt sé hvorki lýsandi né almennt fyrir lögfræðistörf eða lögfræðipjónustu. Neytendastofa sjái enga ástæðu til að gera athugasemdir við þau áform sem kærandi hafi uppi um notkun á léninu logsatt.is. Stofnunin geri aftur á móti athugasemdir við þá skoðun kæranda að orðið lögsátt sé lýsandi og almennt. Orðið sé myndað úr tveimur algengum nafnorðum, lög og sátt. Orðin samtengd í eitt orð, lögsátt, sé hvorki almennt né lýsandi og telja megji að áhöld séu uppi um merkingu orðsins. Þá finnst orðið hvorki í Íslenskri orðabók Menningar sjóðs né Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun eftir Jón Hilmar Jónsson. Að öðru leyti vísi Neytendastofa til hinnar kærðu ákvörðunar.
16. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 18. janúar 2011, var kæranda send greinargerð Neytendastofu og óskað eftir afstöðu hans til greinargerðarinnar. Svar barst með bréfi, sem dagsett er 31. janúar 2010, en ljóst er að ártalið hefur misritast og átt að vera 2011. Í bréfinu áréttar kærandi að hann hafi aldrei fengið bréf Neytendastofu frá 10. ágúst 2010 og 2. september 2010 í hendur, og geti ekki skýrt nánar hver sé möguleg orsök þess. Í ljósi þessa telji kærandi það betra fyrir alla aðila að Neytendastofa sendi erindi sem þessi með rekjanlegum og öruggum hætti eins og t.d. ábyrgðarpósti, þannig að tryggt sé að viðtakandi sem eigi lögvarinna hagsmuna sé örugglega meðvitaður um málið. Framangreint sé ekki eitt af aðalatriðum málsins núna, en kærandi vilji koma þessu á framfæri sem vinsamlegri ábendingu til Neytendastofu.

17. Kærandi tekur fram að Neytendastofa gefi sér að verulegar líkur hafi verið á því að honum hafi verið ljós tilvist lögfræðistofunnar Lögsáttar. Það séu hreinar dylgjur. Umræddur málatilbúnaður sé ekki faglegur og Neytendastofu ekki til sóma. Eftir því sem kærandi viti best sé aðeins einn starfsmaður starfandi hjá Lögsátt ehf. Þannig sé ekki um stóra lögmannsstofu að ræða, heldur einyrkjarekstur. Kærandi hafi aldrei séð auglýsingu frá Lögsátt ehf. Hann hafi farið inn á heimasíðuna tímarit.is og slegið inn orðið lögsátt. Niðurstaðan hafi orðið sú að vefurinn hafi enga auglýsingu fundið frá Lögsátt ehf. Vefurinn hafi komið fram með tvær leitarniðurstöður með orðinu lögsátt og um sé að ræða tvær litlar greinar í Morgunblaðinu. Með því að setja inn nöfn þekktra lögmannsstofa í leitarvélina hjá tímarit.is komi fram mikill fjöldi af leitarniðurstöðum og auglýsingum frá þeim. Á Íslandi séu mörg hundruð lögmennt starfandi þannig að ekki sé möguleiki fyrir neinn lögmann að vera meðvitaður um allar starfandi lögmannsstofur.
18. Kærandi hafi skráð lénid í góðri trú fyrir rúmum tveimur árum og í greinargerð Neytendastofu komi fram að stofnunin sjái enga ástæðu til að gera athugasemdir við áform hans um notkun á léninu. Kærandi hafi skráð lénid 16 mánuðum áður en Lögsátt hafi verið skráð hjá Einkaleyfastofu. Kærandi lýsi furðu sinni á því að skráningin hafi náð fram að ganga í ljósi þess hvað orðið lögsátt (lögfræðileg sáttamiðlun) sé bæði lýsandi og almennt. Orðið logsátt sé jafn almennt og lýsandi og t.d. orðið dómsátt (dómstóla sátt). Kærandi hafi lögvarða hagsmuni af því að vera áfram réttthafi lénsins. Hann hafi einnig lagt í töluverðan kostnað vegna lénsins og fyrirhugaðrar notkunar. Kærandi ítrekar loks allt sem fram komi í kærinni.
19. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 4. febrúar 2011, var Lögsátt ehf. send kæran og önnur gögn málsins og óskað eftir afstöðu félagsins til kærunnar. Svar barst með bréfi, dags. 10. febrúar 2011. Þar er ítrekuð sú kröfugerð sem fram hafi komið í bréfi félagsins til Neytendastofu, dags. 5. ágúst 2010. Tekið sé undir málsástæður og lagarök sem fram komi í greinargerð Neytendastofu til áfrýjunarnefndarinnar og í hinni kærðu ákvörðun, og krafist sé staðfestingar hennar. Í bréfinu er síðan tekið fram að mótsögn komi fram í kæru, dags. 9. nóvember 2010, um að kæranda hafi ekki verið kunnugt um að málið væri í vinnslu hjá Neytendastofu fyrr en við birtingu hinnar kærðu ákvörðunar þann 11. nóvember 2010. Þeirri spurningu er velt upp hvort kærandi hafi kært ákvörðunina áður honum var kunnugt um málsmeðferðina.
20. Í bréfi Lögsáttar ehf. er síðan tekið fram að í rafpósti til kæranda frá 14. júlí 2010 hafi komið fram að óskað yrði eftir úrskurði Neytendastofu í málinu ef kærandi léti málið dragast frekar. Með rafpósti hinn 19. júlí 2010 hafi kærandi sagst geta komið til fundar við eiganda Lögsáttar ehf. hinn 21. júlí kl. 13:15. Svar hafi verið sent um hæl um að eigandinn væri upptekinn á tilgreindum tíma en gefnir hafi verið tveir valkostir um komutíma í staðinn. Hvorugur kosturinn hafi verið nýttur. Kærandi fari mikinn í kæru sinni og afstöðu til greinargerðar Neytendastofu varðandi efasemdir um góða trú er hann skráði lénid logsatt.is hjá ISNIC. Við mat á því sé nærtækast að líta til viðmiðsins góða um „hvað ætla megí að góður og gegn“ nýbakaður lögmaður geri þegar hann sé að reyna að finna gott nafn á atvinnurekstur sinn. Sérstaklegar þegar hann sjái á tímarit.is að Lögsáttar sé getið í Morgunblaðinu árin 1999 og 2006. Þeirri spurningu er velt upp hvort ekki megí telja eðlilegt að lögmaður leiti þá af sér allan grun á heimasíðu Lögmannafélags Íslands eða

„Google“ hvort nafnið sé í notkun hjá starfandi lögmannsstofu. Í báðum tilvikum komi fram ítarlegar upplýsingar um Lögsátt ehf. lögfræðipjónustu.

21. Í bréfi Lögsáttar er jafnframt tekið fram að einbeittur ásetningur kæranda til að halda léninu birtist einnig í því að hann hafi greitt árgjald næsta árs þann 14. desember 2010, þrátt fyrir vitneskju um ákvörðun Neytendastofu sem geri honum skylt að afskrá sig sem réttihafa lénsins og banni notkun þess. Lögsátt ehf. hafi einkarétt á orðinu lögsátt. Hugmynd og samsetning orðsins sé eiganda félagsins, ekki almenn orðnotkun, heldur afrakstur viðleitni til að lýsa þeirri fagþjónustu sem atvinnurekstur hans bjóði.
22. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 16. febrúar 2011, var kæranda kynnt framangreint bréf Lögsáttar ehf. og gefinn kostur á að tjá sig um það áður en málið yrði tekið til úrskurðar. Svar barst með bréfi, dags. 2. mars 2011. Þar er tekið fram að Lögsátt ehf. bendi í bréfi sínu á mótsögn í kærðu varðandi dagsetningar, en skýringin á þessu sé sú að fyrir mistök hafi dagsetningin 9. nóvember verið rituð á kærana í stað 9. desember. Framganga eiganda Lögsáttar ehf. frá því hann hringdi í kæranda hafi verið á eftirfarandi veg: Hann hafi byrjað á á að ásaka kæranda fyrir að hafa skráð lénið logsatt.is, spurt hvort kærandi hafi ekki athugað símaskrána áður en hann skráði lénið, og gefið í skyn að kærandi hafi skráð lénið í einhvers konar neikvæðum tilgangi þannig að hann væri að gera eiganda Lögsáttar ehf. grikk. Kærandi hafi einnig boðið hinum síðarnefnda að koma á skrifstofu sína til fundar um málið, en hann talið eðlilegra að kærandi kæmi til sín á fund um lénið. Með hliðsjón af framangreindu megi sjá að sáttamiðlun hafi ekki verið ofarlega í huga eiganda Lögsáttar ehf. þegar hann nálgast kæranda vegna lénsins.
23. Kærandi tekur fram að á heimasíðu ISNIC sé leitarvél fyrir öll íslensk lén. Áður en kærandi skráði lénið logsatt.is og lögsátt.is hafi hann farið inn á heimasíðu ISNIC og slegið þar inn í leitarvélina orðinu logsatt og þá hafi komið fram að logsatt.is væri ekki á skrá, þannig að lénið logsatt.is og lögsátt.is væri laust til umsóknar. Ætla megi að fyrirtæki sem leggi áherslu á nafn sitt skrái það sem lén hjá ISNIC. Eins og áður hafi komið fram hafi kærandi aldrei séð auglýsingu frá Lögsátt ehf., og líkt og fram komi í fylgiskjali með erindi félagsins komi orðið lögsátt eingöngu tvisvar sinnum upp hjá tímarit.is, ekki sem auglýsing heldur umfjöllun í Morgunblaðinu þar sem Lögsátt ehf. komi fram. Hjá þekktum lögmannsstofum komi upp tugir niðurstaðna. Kærandi telji að almennur borgari eigi að geta treyst því að lén sem hann skrái og eignist verði hans eign, sérstaklega þegar lénið hafi aldrei áður verið skráð í eigu eða verið í notkun annars aðila. Það eigi við um lénið logsatt.is, sem aldrei hafi áður verið skráð hjá ISNIC og þar af leiðandi aldrei verið notað. Lén gangi kaupum og sölum á milli fyrirtækja og einstaklinga um allan heim, og dæmi sé um að lén hafi verið selt fyrir mörg hundruð milljónir.
24. Það sé rétt sem komi fram í bréfi Lögsáttar ehf. varðandi það að kærandi hafi einbeittan vilja til að eiga áfram lénið logsatt.is. Kærandi hafi að sjálfsögðu ávallt borgað árgjald til ISNIC vegna lénsins og hafi einnig lagt út talsverða fjármuni í undirbúning vegna fyrirhugaðrar notkunar. Kærandi hafi uppi áform um að virkja lénið eins og áður hafi komið fram. Eigandi Lögsáttar ehf. haldi því fram að orðið lögsátt sé hans hugmynd. Fjölmargir lögmenn gefi sig út fyrir að vera lögfræðilegir sáttamenn (lögfræðileg sáttamiðlun). Benda megi á að orðið lögsátt sé myndað úr

fyrri parti framangreindra orða. Þekkt sé að menn reyni að hafa lén stutt en lýsandi. Það væri þunglamalegt að vera t.d. með lénið logfraedilegsattamidlun.is. Eigandi Lögsáttar ehf. geti ekki haldið því fram að orðið lögsátt sé hans hugmynd og samsetning.

25. Kærandi vilji sérstaklega benda á þá staðreynd að lénið logsatt.is hafi verið skráð þann 11. desember 2008, eða 16 mánuðum áður en eigandi Lögsáttar ehf. skráði orðið hjá Einkaleyfastofu. Spyrja megi sig þeirrar spurningar hvort Einkaleyfastofu hafi verið heimilt þann 6. apríl 2010 að skrá orðið lögsátt (vörumerki) sem orðmerki, þegar það sé staðreynd að kærandi sé skráður eigandi lénanna logsatt.is og lögsátt.is frá 11. desember 2008. Kærandi telji að framangreind eign á lénunum hefði átt að hindra að Einkaleyfastofa gæti framkvæmt slíka skráningu. Kærandi hafi lögvarða hagsmuni af því að vera áfram eigandi lénsins. Hann hafi einnig lagt í töluverðan kostnað vegna lénsins og fyrirhugaðrar notkunar. Hann ítreki allt það sem áður hafi komið fram.

NIÐURSTAÐA

26. Í máli þessu er deilt um ákvörðun Neytendastofu þess efnis að kærandi hafi brotið gegn 5. og 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með skráningu og notkun lénsins logsatt.is. Með ákvörðuninni, sem til kom vegna kvörtunar Lögsáttar ehf., bannaði Neytendastofa kæranda notkun lénsins og mælti fyrir um að hann skyldi afskrá það hjá ISNIC innan fjögurra vikna. Kærandi krefst þess að ákvörðunin verði felld úr gildi en Lögsátt ehf. og Neytendastofa fara fram á að hún verði staðfest.
27. Kærandi vísar til þess að hann hafi ekki getað varist á hinu lægra stjórnarsýslustigi, enda hafi hin kærða ákvörðun verið tekin án þess að upplýsa hann um að Neytendastofa væri með málið í vinnslu. Þessu mótmælir Neytendastofa og hefur lagt fram tvö bréf til kæranda því til stuðnings. Áfrýjunarnefnd neytendamála telur ekki þörf á að taka afstöðu til deilna kæranda og Neytendastofu að þessu leyti, enda hefur kærandi fengið rúmt svigrúm og ítrekuð tækifæri til að tjá sig um efni málsins á áfrýjunarstigi, sbr. fyrirliggjandi þrjú bréf kæranda til áfrýjunarnefndarinnar. Jafnvel þótt fallist væri á að andmælaréttur hefði verið brotinn á lægra stjórnarsýslustigi er ljóst að úr því teldist hafa verið bætt á æðra stjórnarsýslustigi, og engin efni til að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi á grundvelli skorts á andmælarétti.
28. Kærandi hafnar því að um brot sé að ræða á 15. gr. a laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga. Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn 2. másl. 15. gr. a hafa eftirlitsstjórnvöld um margt litið til svipaðra sjónarmiða og í vörumerkjarétti. Meðal þeirra grunnsjónarmiða sem framkvæmdin ber með sér er að við mat á því hvort notkun og skráning heitis eða léns brjóti gegn ákvæðinu hefur grundvallarþýðingu hvort þau heiti eða lén sem um er deilt hafi sérkenni sem greini þau frá öðrum. Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir þá þjónustu eða vörur sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni. Um þetta vitna ýmsir fyrri úrskurðir, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 28. febrúar 2006 (1/2005), úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 12. október 2006 (3/2006), úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 7. mars 2007 (6/2006), úrskurð

áfrýjunarnefndar neytendamála 5. mars 2010 (12/2009), úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 5. mars 2010 (13/2009) og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 28. október 2010 (9/2010).

29. Kærandi byggir á því að orðið lögsátt sé almennt og lýsandi. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður hins vegar ekki talið að orðið sé einungis lýsandi fyrir þá þjónustu sem kærandi og Lögsátt ehf. veita eða hafa í hyggju að veita, á þann hátt að orðið skorti nægileg sérkenni í framangreindum skilningi til að njóta verndar 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005. Orðið er hvorki að finna í íslenski orðabók né nýlegri lögfræðiorðabók og telja má að áhöld séu uppi um merkingu þess, sbr. það sem rakið er í hinni kærðu ákvörðun. Hvað sem líður tilvísunum í að orðið sé stytting á hugtakinu lögfræðileg sáttamiðlun, verður ekki talið að neytendur skilji það almennt sem tilvísun í slíka sáttamiðlun og að orðið geti talist það almennt og lýsandi að það falli sem slíkt utan verndar ákvæðisins. Þá skal tekið fram að þótt lög um vörumerki nr. 45/1997 séu ekki til úrlausnar hér og framkvæmd þeirra ráði engum úrslitum um niðurstöður samkvæmt 15. gr. a laga nr. 57/2005, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 26. mars 2010 (14/2009), þá er það til frekari stuðnings því að orðið lögsátt sé ekki almennt, heldur hafi nægileg sérkenni, að Einkaleyfastofan hefur nú skráð það sem vörumerki (skráning nr. 345/2010), og þannig m.a. talið það uppfylla kröfu 13. gr. laga nr. 45/1997. Samkvæmt framangreindu tekur vernd 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 til orðsins og kemur þá til nánari skoðunar hvort um brot á ákvæðinu sé að ræða.
30. Ákvæði 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 felur nánar tiltekið í sér bann við því að nota auðkenni „á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“. Við mat á því hvort notkun auðkennis hafi í för með sér hættu á ruglingi við annað einkenni í skilningi ákvæðisins hefur m.a. verið litið til þess hvort viðkomandi fyrirtæki starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 7. nóvember 2007 (9/2007), úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 8. maí 2007 (1/2007) og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 26. mars 2010 (14/2009). Í máli þessu er hvoru tveggja að heilsa, þ.e. kærandi og Lögsátt ehf. reka lögfræðiþjónustu og starfa þannig á sama markaði og beina þjónustu að sama markhópi, a.m.k. að nokkru leyti, en af því leiðir aukin hættu á ruglingi milli auðkenna þeirra. Þegar ruglingshætta í skilningi 15. gr. a er fyrir hendi gildir sú meginregla að sá sem seinni var til telst brotlegur við ákvæðið, líkt og fyrirbyggjandi framkvæmd ber skýrlega með sér.
31. Lögsátt ehf. var skráð í febrúar 1997 og hafði verið í rekstri undir því nafni í í tæp 12 ár þegar kærandi skráði lénin logsatt.is og lögsátt.is, í desember 2008. Telja verður að ruglingshætta á milli umræddra auðkenna blasi við, enda eru þau nánast eins, sbr. og það sem áður var rakið um sama markað og markhóp. Með vísan til þessa og aldurs umræddra auðkenna verður að telja að skráning og fyrirhuguð notkun kæranda á lénunum logsatt.is og lögsátt.is feli í sér brot á 15. gr. a laga nr. 57/2005. Ekki skiptir máli í því sambandi þótt vörumerki Lögsáttar ehf. hafi ekki verið skráð fyrir en eftir að kærandi skráði umrædd lén, enda hafði félagið sem fyrr segir lengi notað auðkennið þegar lénin voru skráð. Sjónarmið kæranda um að Einkaleyfastofan hafi ekki átt að skrá vörumerkið vegna tilvistar lénanna geta eðli málsins samkvæmt ekki komið til skoðunar hér, enda endurskoðar áfrýjunarnefnd neytendamála lögum samkvæmt ekki ákvarðanir

Einkaleyfastofunnar. Ekki er heldur nauðsynlegt að taka afstöðu til deilna aðila og Neytendastofu um það hvort kærandi hafi verið í góðri trú, enda gerir 2. másl. 15. gr. a ekki kröfu um grandsemi. Með broti gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005 er um leið brotið gegn 5. gr. sömu laga, eins og lögín eru uppbyggð.

32. Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta hina efnislegu niðurstöðu Neytendastofu. Hinni kærðu ákvörðun er hins vegar áfátt að því leyti að hún nefnir eingöngu lénið logsatt.is, en ekki lénið lögsátt.is, sem kærandi skráði sama dag. Sömu sjónarmið eiga við um bæði lénin, enda er þar í reynd um sama auðkennið að ræða, með og án séríslenskra stafa. Í ljósi þessa, heimilda áfrýjunarnefndar neytendamála sem æðra setta stjórnvalds og þess að tjáning kæranda á áfrýjunarstigi hefur snert bæði lénin, verður hér lýst yfir banni og fyrirmælum vegna beggja léna. Hinni kærðu ákvörðun er jafnframt áfátt að því leyti að þar er því m.a. lýst yfir í ákvörðunarorði að kærandi hafi brotið gegn áðurnefndum ákvæðum með „notkun“ lénsins logsatt.is. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að slík notkun hafi enn sem komið er átt sér stað, þó ljóst sé að hún myndi brjóta gegn ákvæðunum og framangreind niðurstaða standi til þess að banna skuli kæranda slíka notkun og gera honum að afskrá lénin. Í ljósi framangreindra atriða verður banninu og fyrirmælunum sérstaklega lýst í úrskurðarorðum hér að neðan, en hvoru tveggja byggir á 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Í þeim efnum verður lagður til grundvallar samskonar frestur og í hinni kærðu ákvörðun.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kæranda, Karli Jónssyni, er bönnuð notkun lénanna logsatt.is og lögsátt.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir dagsetningu úrskurðar þessa. Skal kærandi á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson